



Álagningarreglur fasteignagjalda fyrir SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐ árið 2020

1. FASTEIGNASKATTUR

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, en þar segir meðal annars:

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Sveitarstjórn ákveður fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið.

Skatthlutfall skal vera sem hér segir:

- A. Allt að 0,50% af fasteignamati:
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthús, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- B. Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:
Sjúkrastofnanir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- C. Allt að 1,65% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:
Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

**Heimilt er sveitarstjórn að hækka um
allt að 25% hundraðshluta af A- og C- flokki.**

Skattprósentan í Sveitarfélaginu Hornafirði er
0,45% í A-flokki,
1,32% í B-flokki
1,65% í C-flokki.

2. LÓÐARLEIGA

Leigugjaldið 1% af fasteignamati lóðar.

3. VATNSGJALD



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Álagning vatnsgjalds er gerð samkvæmt 7. og 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81, 27. des.1991 og breytingum á þeim lögum gerðum 1995 (lög .r 149), en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli ákveða upphæð vatnsgjalds, sem má vera allt að 0,4% af stofni, sem er fasteignarmat að viðbættu lóðarmati.

Vatnsgjald er **0,15%**.

4. HOLRÆSAGJALD

Holræsagjald reiknast samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá.

Holræsagjald er **0,30%**.

5. SORPGJALD

Sorpgjald ákvarðast af sveitarstjórn skv. samþykktri gjaldskrá.

Sorphreinsgjald er föst upphæð **21.995** kr. á hverja gjaldeiningu og almennt sorpurðunargjald er föst upphæð, **13.826** kr. á hverja gjaldeiningu.

Samtals sorpgjöld eru því **35.821** kr. á gjaldeiningu.

Úr gjaldskrá sem tók gildi í janúar 2020

1. gr.

Íbúðir:

Einingargjald sorphirðu á íbúð er	21.995 kr.
Einingargjald sorpeyðingar er	13.826 kr.
Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum greiðist viðbótargjald:	
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald fyrir 240 l tunnu	18.696 kr.
Lífrænt ílát	16.416 kr.
Græn tunna	16.416 kr.

Frístundahús:

Sorphirðugjald þar sem eru fleiri en 20 frístundahús	3.900 kr.
Sorpeyðingargjald fyrir frístundahús	5.472 kr.